

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/50/ESB

2013/EES/37/10

frá 10. október 2012

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í rafbúnaði og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Enn er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði að skipta út blýi í rafefnakeramikefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni (e. *piezoelectric ceramic material* (PZT)) fyrir þetta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum. Notkun blýs í þessum efnivið skal því undanþegin banninu.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

2. janúar 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi liður 7.c.IV bætist við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„7.c.IV.	Blý í rafnakeramikefnum sem innihalda keramikþrýstirafefni (e. <i>piezoelectric ceramic material</i> (PZT)) fyrir þetta sem eru hluti af samrásum eða stökum hálfleiðurum	Fellur úr gildi 21. júlí 2016“
----------	---	--------------------------------